



15. júní 2021

Lífeyrissparnaður jókst um 14,9% á árinu 2020

Lífeyrissparnaður landsmanna í formi samtryggingar og séreignar lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila nam 6.036 ma.kr í árslok 2020 og jókst um 14,9 % á árinu. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu nemur lífeyrissparnaðurinn 206%. Miðað við bráðabirgðatölur OECD¹ voru aðeins Danmörk og Holland með hærra hlutfall. Eignir samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna námu við árslok 5.129 ma.kr. og jukust um 15% milli ára. Tryggingafræðileg staða samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna batnaði nokkuð milli ára vegna góðrar ávöxtunar. Séreignarsparnaður í vörslu sjóðanna nam 594 ma.kr. sem var um 16% aukning frá árinu á undan. Séreignarsparnaður í vörslu annarra en lífeyrissjóða nam 313 ma.kr. og jókst um 9%.

Þetta kemur fram í samantekt Seðlabanka Íslands úr ársreikningum lífeyrissjóða og sambærilegum gögnum frá vörsluaðilum séreignarsparnaðar.

Á liðnu ári störfuðu 21 lífeyrissjóður í 25 samtryggingardeildum og af þeim buðu 13 sjóðir upp á séreignarsparnað í 44 deildum. Aðrir innlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar voru eins og áður fimm talsins og buðu upp á sparnað í 30 séreignardeildum. Tveir erlendir vörsluaðilar buðu upp á lífeyrstryggingaafurðir sem flokkast undir séreignarsparnað. Þeir lúta eftirliti heimaríkis síns og því er upplýsingagjöf þeirra til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands ekki með sambærilegum hætti og innlendra vörsluaðila.

Sjóðstreymi

Afborganir og vaxtagreiðslur er stærsti liður í sjóðstreymi hjá samtryggingar- og séreignardeildum lífeyrissjóðanna og námu um 403 ma.kr. á fyrra ári. Mismunur innstreymis iðgjalda og útstreymis vegna lífeyris nam nærri 86 ma.kr. Miðað við fast verðlag stóðu iðgjöld í stað milli ára en útgreiðslur vegna lífeyris jukust umtalsvert eða um 11%. Helstu ástæður eru lægra atvinnustig á liðnu ári og auknar útgreiðslur vegna COVID-19-faraldursins. Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum (arðgreiðslur) drógust verulega saman og námu aðeins um 14 ma.kr. Samkvæmt sjóðstreymi keyptu sjóðirnir skuldabréf fyrir um 494 ma.kr og hlutabréf fyrir um 565 ma.kr.

Ávöxtun

Ávöxtun lífeyrissparnaðar landsmanna í fyrra var lægri en árið 2019. Hrein raunávöxtun² var 9,12% en var 11,95% árið á undan. Ávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóða var 9,63% og séreignarsparnaðar lífeyrisjóðanna árið 2020 var 8,17%. Ávöxtun séreignarsparnaðar annarra vörsluaðila var 5,63% á sama tíma. Ávöxtun lífeyrissparnaðar er langtímasparnaður og því rétt að horfa til áratuga þegar árangur er metinn. Hrein ávöxtun samtryggingardeilda sl. 30 ár hefur verið að meðaltali **4,73%**.

¹ OECD Pension funds in figures June 2021


² Vegin hrein raunávöxtun allra sjóða.

Hrein raunávöxtun:	2020	sl. 5 ár	sl. 10 ár
Samtryggingardeildir lífeyrissjóða	9,63%	5,68%	5,88%
Séreignarsparnaður lífeyrissjóða	8,17%	4,78%	5,01%
Séreignarsparnaður annarra vörsluaðila	5,63%	5,96%	2,99%

Alþjóðlega var raunávöxtun³ lífeyrissjóða árið 2020 góð og varávöxtun íslenskra sjóða með því besta sem þekktist. Að jafnaði erávöxtun séreignarsparnaðar nokkru lægri en samtryggingardeilda lífeyrissjóða. Því veldur að eignsafn þeirra er að mestu innlán og skuldaþréf sem að jafnaði skila lægriávöxtun en aðrar eignir.

Fjárfestingargjöld – beinn og óbeinn kostnaður

Gagnsæi kostnaðar í starfsemi lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar er mikilvægt til að unnt sé að varpa ljósi á bæði bein og óbein fjárfestingargjöld af fjárfestingum sem alla jafna birtast ekki í rekstrargjöldum. Þar undir falla m.a. gengismunur og árangurstengdar þóknanir sem reiknaðar eru afávöxtun fjárfestinga. Í reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða eru settar fram kröfur um framsetningu kostnaðar og aukið gagnsæi vegna þóknana. Bein og óbein fjárfestingargjöld eru einn stærsti útgjaldaliðurinn. Gjöldin geta haft neikvæð áhrif áávöxtun og dregið þannig úr uppsöfnun sparnaðar til lengri tíma.



¹ Fjárfestingargjöld samanstanda af beinum og óbeinum fjárfestingargjöldum

Mynd 1: Fjárfestingargjöld samanstanda af beinum og óbeinum fjárfestingargjöldum. Miðlína kassaritsins sýnir miðgildi kostnaðarhlutfalls, neðri mörk fyrstu fjórðungsmörk og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörk. Lóðréttu línurnar í kassaritinu sýna lág- og hágildi hlutfalls fjárfestingargjalda af heildareignum.


Á liðnu ári nam hlutfall fjárfestingargjalda af heildareignum að meðaltali (vegið meðaltal) um 0,31% hjá samtryggingardeildum lífeyrissjóða, 0,31% hjá séreignardeildum lífeyrissjóða en 0,69% hjá öðrum innlendum vörsluaðilum. Kostnaðarhlutföll eru eðli málsins samkvæmt ólík eftir aðilum og deildum samtryggingar og séreignar en að hluta til skýrist sá mismunur af ólíkum fjárfestingarstefnum og afurðum séreignarsparnaðar sem um ræðir. Eins og sjá má á mynd 1 er töluverð dreifing í hlutfalli fjárfestingargjalda af heildareignum meðal lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar.

³ OECD Pension funds in figures, June 2021.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða samtryggingardeilda lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðenda batnaði á síðasta ári. Hún varð jákvæð um 189 ma.kr. í árslok, samanborið við 75 ma.kr. árið áður. Afgangurinn um síðustu áramót jafngildir 2,7% af tryggingafræðilegu mati eigna. Þrettán af átján samtryggingardeildum þessara sjóða hafa jákvæða tryggingafræðilega stöðu.

Samtryggingardeildir lífeyrissjóða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga hafa neikvæða tryggingafræðilega stöðu. Ófjármagnaðar skuldbindingar þeirra nema 854 ma.kr. sem jafngildir 68% halla á tryggingafræðilegri stöðu.



Mynd 2: Tryggingafræðileg staða samtryggingardeilda með og án ábyrgðar launagreiðenda.